

Tveggjakindareglan í hávegum höfð



Göngur og réttir eru einn af þeim þáttum sem verða að fara fram á hverju hausti óháð því hvort kórónuveirur sækir á samfélagið eður ei. Á Suðurlandi var víða réttað og menn gættu eins og kostur var að því að halda tveggjakindafjarlægð. Mynd: Helgi Kjartansson.

Sinfóníuhljómsveit Suðurlands með sína fyrstu tónleika

Fjórtnán manna klassísk hljómsveit undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar mun heimsækja grunnskóla á þremur stöðum á Suðurlandi þann 16. september nk; í Þorlákshöfn, Hveragerði og á Flúðum. Fyrsta verkið sem leikið verður er tónverkið Lykillinn, einskonar Pétur og úlfurinn úr íslenskum sagnaveruleika. Verkið er eftir Tryggva M. Baldvinsson við sögu Sveinbjörns I. Baldvinssonar. Einnig flytur hljómsveitin þekkt lög og hljóðfæri hljómsveitarinnar eru kynnt. Þá lýkur tónleikunum með því að börnin taka lagið við

undirleik hljómsveitarinnar. Alls er dagskráin um 40 mínútur.

Nú þarf að klára menningarsalinn

Markmið verkefnisins Sinfóníuhljómsveit Suðurlands er að byggja upp grundvöll fyrir starfsemi klassískrar hljómsveitar á Suðurlandi. Hugmyndasmiður verkefnisins Guðmundur Óli Gunnarsson hljómsveitarstjóri starfaði að uppbyggingu Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands frá stofnun hennar í 23 ár og byggir starfið á þeirri reynslu sinni. „Verkefnið auðgar menningar-

líf Suðurlands, breytir starfsumhverfi tónlistarmanna á Suðurlandi, eflir starf tónlistarskólanna á Suðurlandi, eflir samskipti og samvinnu þeirra sem starfa að tónlist á Suðurlandi, opnar möguleika á samstarfi annarra listgreina á Suðurlandi við klassíska atvinnuhljómsveit.

Óperutónleikar eru meðal þess sem stefnt er að og þeir þarfnast húsnæðis við hæfi. Það væri ekki amalegt að opna menningarsalinn með óperusöngvurum og nýstofnaðri Sinfóníuhljómsveit Suðurlands. -gpp



**Fáðu
fagmann
í verkið**

20 ára
2000-2020

**PÍPULAGNIR
HELGA**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

Toyota
Selfossi

**FRAMÚRSKARANDI
ÞJÓNUSTA**

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fosnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is




Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
 Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
 Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is

Bridsfélag Selfoss

75. aðalfundur Bridsfélags Selfoss verður haldinn í Selinu við ípróttavöllinn, föstudagskvöldið 25. september 2020 kl. 20.



Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf.
Önnur mál.

Allir bridsáhugamenn
velkomnir.

Stjórnin

Veitingastaðurinn Matarlyst opnaður á Selfossi

Fyrir skömmu opnaði veitingastaðurinn Matarlyst á Austurvegi 35 á Selfossi. Að staðnum standa systkinin Davíð Örn Bragason og Kristín Arna Bragadóttir. „Áherslurnar á staðnum eru kaffið og maturinn sem við erum að bjóða upp á. Þar má meðal annars finna dönsk smurbrauð, spænsk smurbrauð. Þá eru aðalréttir eins og hamborgarar og sjávarréttasalat sem dæmi. Svo eru eftirrættir og sætir bitar á boðstólum. Barinn er svo opin og auðvelt að finna sér eitthvað af því úrvali sem þar er að finna,“ segir Davíð Örn.

Góður andi og stemning mikilvæg

„Fólk hefur tekið vel í þessa nýjung og það hefur verið nóg að gera. Við erum eiginlega alveg orðlaus yfir þessum góðu



Kristín Arna Bragadóttir og Davíð Örn Bragason.

viðtökum. Það hefur verið fullbókað hjá okkur allar helgar. Við erum bara ótrúlega þakklát Selfyssingum fyrir að hafa tekið okkur svona vel,“ segir Kristín Arna aðspurð um viðtöknar. Yfir staðnum er hlýlegur blær og fólk situr og spjallar yfir veitingunum. „Okkur langar

mikið til þess að vera með góða og notalega stemningu. Við leggjum áherslu á að það sé gott að koma hingað og það sé hugguleg stemning,“ segja systkinin. Þeir sem vilja nálgast frekari upplýsingar geta flett upp kaffimatarlyst á Instagram og Facebook. -gpp

Verslunin Vistvera opnuð á Eyraveginum á Selfossi

Verslunin Vistvera opnaði dyr sínar fyrir fólki sunnudaginn 13. september sl. Verslunin er með umhverfisvænar heimilis- og gjafavörur. Vistvera var eitt af þeim fyrirtækjum sem tilnefnd voru til Bláskeljarinnar 2020, viðurkenningar sem veitt er af Umhverfisstofnun til fyrirtækja, stofnana, einstaklinga eða annarra fyrir framúrskarandi lausnir sem stuðla að minni plastnotkun og plastúrangi í samfélaginu.

Vistvænt vöruúrval og vörur úr náttúrulegum efnum

Í versluninni er lögð áhersla á vörur sem hjálpa fólki að draga úr umbúðanotkun og venja sig af einnota lífsstíl. „Við kappkostum að bjóða vandaðar vörur á



hagstæðu verði. Þá leggjum við áherslu á plastlausar vörur og lágmarksumbúðir, sem leiðir til lágmarksúrgangs frá heimilinu,“ segir Hafðís Erla Bogadóttir. Aðspurð um hvernig vörur er að ræða segir Hafðís. „Sem dæmi um umbúðalitlar neysluvörur

má nefna tannkremstöflur sem eru seldar eftir vigt, hársápu-stykki (sjampóstykki) og sápu-stykki. Verslunin er með breitt úrval af áfyllingarvöru þar sem fólk kemur með eigin ílát, fyllir á og borgar eftir þýngd.“

LISTASAFN
ARNESINGA

LÁ
ART MUSEUM

NORÐRIÐ
NORTH

19.09—
20.12.2020



LISTAMENN ARTISTS
ARGUNNUR ÝR
ERNA SKÚLADÓTTIR
INGIBJÖRG FRÍÐRIKSDÓTTIR
NESTORI SYRJALÁ
PÉTUR THOMSEN
ULRIKA SPARRE
SÝNINGARSTJÓRI CURATOR
DARÍA SÓL ANDREWS

Opið alla daga nema mánudaga
frá 12 — 17 Aðgangur ókeypis

Open all days except Mondays
from 12 — 17 Free Entry



Hverabúðin opnuð fyrir gestum

Hverabúðin í Austurmörk 2 í Hveragerði mun opna fyrir gestum föstudaginn 18. september nk. „Það verður allskyns góðgæti í boði hjá okkur. Margar tegundir af hverabrauðum, súpum, sósam, kökum, smørre-

bröd, sultum og fleiru,“ segja þau Óli og Anna sem standa að opun Hverabúðarinnar. „Nostalgían verður allsráðandi, það verður opið milli 11 og 16 um helgar og fólk ætti bara að kíkja við,“ segir Óli að lokum.



BUXNADAGAR

**BJÓÐUM AFSLÁTT AF ÖLLUM BUXUM
MIÐVIKUDAG-MÁNUDAGS**

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

Alltaf opið í vefverslun okkar

www.tiskuverslun.is

LINDIN
TÍSKUVERSLUN

Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800



LJÓSMYNDAPRENTUN

PRENTAÐU MINNINGARNAR ÞÍNAR HJÁ OKKUR!

Sendu myndirnar í tölvupósti
eða komdu með þær á USB-lykli
og við prentum þær fyrir þig!



Sími 482 1944
solfoss@prentmetoddi.is
Eyravegur 25, Selfoss



FÓÐURBLANDAN
...gæði í hverri gjöf!

RISA TILBOÐSDAGAR

10.-24. SEPTEMBER



20% af öllum gæludýravörum
nema Royal Canin

20%

GÆLUDÝRAVÖRUR

20%

SPAREX VARAHLUTIR

Sparex

20%

SALTSTEINAR

20%

HESTAFÓÐUR

20%

**UNDIRBÚÐUR OG
SÓTTREINSUN**

20%

**FLEDBAG
SKAMMTARAR**

20%

BÆTIEFNABLÖNDUR

20%

**DRAPER VERKFÆRI
& ÍHLUTIR**

Yfirlit
**1.000
VÖRUR Á
TILBOÐI!**

20%

BRYNNINGARSKÁLAR

FRÍ HEIMSENDING Á PÖNTUNUM YFIR 30.000 KR. Í VEFVERSLUN *

* Frír flutningur er í boði fyrir póstnúmer 101-371 og 800-881.

Opnunartími verslana:

Virka daga: 9:00-18:00

Laugardagar: 10:00-14:00 á Hvolsvelli

FB
FÓÐURBLANDAN

www.fodur.is
fodur@fodur.is

FB Reykjavík
Kornarðar 12
570 9800

FB Selfoss
Austurvegur 64 a
570 9840

FB Hvolsvöllur
Ormsvöllur 2
570 9850

Gerum meira en minna - Hlutdeildarlán hitta í mark

Afkastamikill þingstubbur var haldinn í síðustu viku og voru þau mál kláruð sem gert hafði verið ráð fyrir á stubbnum og reyndar rúmlega það. Þingstarfið er óhefðbundið í þeim kringumstæðum sem við erum að glíma við sem þjóð og við höfum verið að afgreiða mál í þinginu sem taka mið af breyttum aðstæðum. Þær breytast frá degi til dags en það er gengið vasklega fram og viðbrögðin og aðgerðirnar flestar mælst vel fyrir og virkað vel. Eðlilega ekki allar aðgerðirnar en ríkisstjórnin hefur fylgt því að gera frekar meira en minna og almennt er mikil ánægja með það. Umræður og skoðanaskipti í þinginu hafa nær alltaf verið eðlileg en það skortir á skilning á atvinnulífinu sem er meira en hagtölur á Excel-skjali eða kannski þá helst að margir þingmenn hafa þar engin tengsl þrátt fyrir margar ræður um atvinnulífið.

Hlutdeildarlán


Frumvarp félags- og barnamálaráðherra til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 (hlutdeildarlán) er enn eitt dæmið um sókn fyrir fyrstu kaupendur á húsnæðismarkaði. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar árið 2017 var ákvæði að bæta stöðu ungra og tekjulágra á húsnæðismarkaði. Í aðdraganda kjarasamningsviðræðna veturinn 2018-2019 skipaði félags- og barnamálaráðherra átakshóp sem var ætlað að skoða leiðir til að auka framboð á íbúðum og aðrar aðgerðir til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði. Frumvarpið var því liður í aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að greiða fyrir gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði með lífskjarsamningum.

Það er staðreynd að mikill hluti þess íbúðarhúsnæðis sem hefur verið byggt á undanförunum árum er ekki hagkvæmur fyrir fyrstu kaupendur og tekjulága. Húsnæðið er dýrt, það er of stórt eða stendur á dýrum bygginga-svæðum. Þá standa hagstæðustu vextirnir á lánum til íbúðakaupa í þeim tilfellum einvörðungu fyrir þá kaupendur sem hafa yfir ríflegu eigið fé að ráða. Þeir sem hafa lítið eigið fé eða jafnvel ekkert eru þar af leiðandi álitnir áhættumeiri lánahópur og greiða því gjarnan hærri vexti af lánum sem þeir taka. Allt þetta gerir það að verkum að unga fólkið okkar og tekjulágir, sem eru að taka sín fyrstu skref á fasteignamarkaði eiga oft erfið með að útvega það fjármagn sem upp á vantar í útborgun. Hlutdeildarlánin mæta því tekjulágum afar vel og hjálpa þeim yfir erfiðasta hjallann í fjármögnun íbúðakaupa með aðeins 5% eigið fé.

Nýr hópur, mikill áhugi á hlutdeildarláni

Séreignarstefna Sjálfstæðisflokksins er að allir geti eignast sitt eigið húsnæði og Sjálfstæðisflokkurinn vill fjölbreytt og hagkvæmt húsnæðisúrræði fyrir alla. Því skiptir miklu máli að aðgerðir hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga á sviði húsnæðismála stuðli að auknu og jöfnu framboði húsnæðis. Lækkun byggingarkostnaðar næst með lægra lóðaverði og byggingargjöldum sem er markmiðið sem unnið er að.

Með hlutdeildarlánnum gefst nú nýjum hópi á fasteignamarkaði tækifæri til að eignast sína eigin íbúð og fellur því frumvarpið vel að stefnu Sjálfstæðisflokksins í húsnæðimálum að sem flestir eignist sitt eigið



Ásmundur
Friðriksson

alþingismaður

húsnæði.

Hlutdeildarlán geta numið 20% af kaupverði íbúðar og eigið fé 5% en tekjumörk einstaklings eru 7.560.000 og hjón 10.560.000 á ári og við það bætist 1.560.000 fyrir hvert barn undir 20 ára. Fyrir þá sem hafa enn lægri tekjur eða einstaklingur með 5.018.000 eða sambýlisfólk með 7.020.000 og barn inna 20 ára 1.560.000 er möguleiki á 30% hlutdeildarláni. Lánið er til 10 ára en hægt að framlengja það þrisvar sinnum í 5 ár eða alls 25 ár. Með þessum tekjumörkum er alveg nýjum hópi fyrstu kaupenda gefið tækifæri til að eignast sína eigin íbúð.

Á næstu 10 árum verða lagðir 40 ma.kr. í hlutdeildarlán, eða 4 ma.kr. á ári og allt að 400 íbúðir byggðar og 20% af þeim á landsbyggðinni.

Hlutdeildarlán er hægt að endurgreiða eftir 10 ár og eftir það veitir Húsnæðis- og mannvirkjastofnun kaupendum ráðgjöf um stöðu þeirra og endurgreiðslumöguleika á fimm ára fresti í þrjú skipti. Möguleikinn er því að vera í kerfinu í 25 ár, en reynslan erlendis er að flestir kaupa sig út úr kerfinu eftir fimm til tíu ár vegna bættrar eignar- og fjárhagsstöðu. Hlutdeildarlánin hitta því strax í mark og daginn eftir samþykkt laganna á Alþingi rigndi fyrirspurnum yfir þingmenn og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun sem veitir lánin.

-gpp



Matgæðingur vikunnar er
Guðmundur Ingi Arnarson.

Takk kærlega Ágúst fyrir áskorunina. Það er flott að þú hafir sloppið vel undan matseld og kræsingum hjá mér.



Kjötbollur

Byrjum á aðalhráefninu sem er hakk, ekki verra ef það er ærhakk. Ca. 500 gr. af hakki sett í skál, síðan er 1 laukur og 1/2 paprika sett á skurðarbrætti og brytjað smátt og sett í skálina. Því næst er bætt 1 tsk. salt og 1 tsk. pipar út í skálina. Að lokum er bætt út í Tuc-baconkexi. Allt hrært saman með sleif. Ef hakkið er laust eða tollir ekki saman má bæta út í það 2 eggjum, (þarf almennt ekki). Síðan er hakkinu troðið í dl-mál eða litla sósuskeið og bollunum smelt á ofnskúffu. Látid malla á 180° C í 60 mín.

Meðlæti

Soðnar kartöflur, grænar baunir, brún sósa og eplasalat.

En í eplasalat þarf:

- 6 gul epli
- 250 ml rjómi
- Hálf dós sýrður rjómi
- Dass af flórsykri

Rjóminn þeyttur, sýrða rjómanum bætt út í og hrært saman. Hýðið er skrált af eplunum og kjarninn tekinn úr. Eplin eru brytjuð í smáa teninga og sett út í rjómann, síðan fara ca. 5 matskeiðar af flórsykri úti og smakkað til. Ef það er ekki dísætt bragð, þarf að bæta meiri flórsykri út í. Ath. þetta er stór skammtur af salati.

Efirrétturinn er svo skyrkaka

1 pakki kanilkex er mulið smátt og sett í form með litlum slatta af bræddu smjöri svo að skyrkukubotninn haldist vel saman. Því næst er þeyttur 1/4 lítri af rjóma og því hrært saman við vanilluskýr (lítill dós). Rjómaskýrblandan er sett ofan á kökuna og skreytt með súkkulaði, Nóakroppi eða öðru góðgæti.

Verði ykkur að góðu.

Þar sem þetta er ritað í miðjum göngum (afrétti), skora ég á kokkana sem sjá um að fódra smala á Skaftártunguafreitti af stakri snilld. Fanney Magnúsdóttir og Guðjón S. Jónsson.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Enginn banki vill opna í Hveragerði



Það hrukku líkast til margir við þegar tilkynnt var um það að Víðir Óskarsson hefði látið af störfum sem heimilislæknir á HSU. Víðir hefur verið farsæll heimilislæknir á Selfossi og sinnt mörgum skjólstæðingum af sinni alkunnu hógværd. Víðir er þó ekki farinn langt, en hann tekur



við öðrum verkefnum innan HSU. Meðal annars er Víðir svæðisóttvarnalæknir Árnassýslu og sinnir áfram starfi yfirlæknis á bráðamóttöku HSU. Á vef HSU eru Víði færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf og velfarnaðaróskir í nýjum verkefnum.

-gpp

Eftir að Arion banki lokaði útibúi sínu í Hveragerði ákvað sveitarfélagið að fara þess á leit við Arion banka, Íslandsbanka og Landsbanka að gera tilboð í bankaþjónustu og helstu viðskipti Hveragerðis. Óskað var samhliða eftir því hvaða þjónustu bankarnir væru tilbúnir að veita íbúum í Hveragerði. Í stuttu máli sá enginn af bönkunum hag sinn í því að opna útibú í Hveragerðisbæ. Þá segir í fundargerð bæjarstjórnar: „Það er sérkennilegt að sjá að allir bankarnir telja nauðsynlegt að hafa útibú, svo til hlið við hlið, á Selfossi á sama tíma og íbúum Hveragerðisbæjar er sagt að engin nauðsyn sé að hér sé útibú enda sé hægt að sinna öllum viðskiptum við banka rafrænt. Sú staðreynd ætti að

gera það mögulegt að útibúum bankanna væri dreift jafnar í þéttbýliskjarna svæðisins en nú er gert.“

Tilboði Arion banka tekið

„Í ljósi þeirra tilboða sem hér eru lögð fram mun bæjarstjórn semja um áframhaldandi banka- viðskipti við Arion banka sem býður hagstæðustu viðskipta- kjörin fyrir Hveragerðisbæ og jafnframt örlitla þjónustu við íbúa bæjarins í formi inn- lagnarhraðbanka sem aðgengi- legur verður allan sólarhringinn, viðveru og þjónustu vikulega við umræddan hraðbanka auk kennslu og aðstoð við íbúa á Dvalarheimilinu Ási í notkun á stafrænni þjónustu.“

-gpp



Útgefandi: Dagaskráin, Eyraavegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dagaskrain@prentmet.is.
Ritstjórn: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetdottir.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, skh@prentmetdottir.is.
Dagaskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraavegi 25, Selfossi, fyrir hádegis- og mánuðögum. Upplag: 8700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagaskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858



Vísnaðgátur-höf. Ármann Dalmanntson - Útg. Bókautgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Þau valda tíðum mari og meiðslum
á mörgum okkar,
eru heilir skepnuskrokkar,
skapast þegar bila sokkar

Svar við gátu í blaði 2563: **VÖR.**
1. lína: Meyjarvör - 2. lína: Steinvör
3. lína: Bátavör



Raka- og lofthreinsitæki

Kostir þess að halda kjörkastigi í vistarverum okkar eru margir. Nef, augu og húð finna þá mun síður fyrir þurrki. Hættan á flensusmiti minnkar vegna þess að veirur og bakteríur lifa skemur eftir því sem rakastig er hærra. Svefninn verður betri, þreytan minni og einbeitingin batnar. Og síðan það sem gleður alla: Rykmyndun minnkar verulega því að raki bindur ryk.

Við bjóðum upp á rakatæki, rakamæla, borðviftur, þurrktæki og lofthreinsitæki frá Stadler Form.

15%
afsláttur



Skafttrysuga

Öflug: 21,6 V. Hver hleðsla endist í allt að 50 mínútur. Lithium-rafflaða. Létt og lipur.

Afmælisverð:

BBH 32101

36.900 kr.

Fullt verð: 46.900 kr.



SIEMENS

Þvottavél, iQ500

Vindur upp í 1400 sn./mín. Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótör. Eitt kerfið heitir sensoFresh og virkar eins og þurrrhreinun. Notar hvorki vatn né sápu. Fjarlægir lykt úr viðkvæmum fatnaði. Mjög stutt kerfi (15 mín.).

Afmælisverð:

WM 14T7P9DN

134.900 kr.

Fullt verð: 169.900 kr.



SIEMENS

Þvottavél, iQ300



Vindur upp í 1400 sn./mín. Sérkerfi: Kraftþvottur 60 mín., dökkur þvottur, mjög stutt kerfi (15 mín.), ull o.fl.

Afmælisverð:

WM 14N1B8DN

94.900 kr.

Fullt verð: 119.900 kr.



SIEMENS

Þurrkari, iQ 300



Sérkerfi: Ull, blandaður þvottur, útífatnaður, handklæði, tímastíllt kerfi, undirföt, hraðkerfi 40 mín. og skyrtur. Gufupétting, enginn barki.

Afmælisverð:

WT 45RVB8DN

115.900 kr.

Fullt verð: 149.900 kr.



SIEMENS

Ryksuga, iQ300

Hljóð: 79 dB. Skilar hámarks-afköstum með lágmarks-orkunotkun. Vinnuradíus: 10 metrar.

Afmælisverð:

VSC 3A210A

17.900 kr.

Fullt verð: 22.900 kr.



SIEMENS

Kæli- og frystiskápar, iQ300

Kæli: 213 lítrar. Frystir: 99 lítrar. „hyperFresh“-skúffa sem tryggir lengur ferskleika grænmetis og ávaxta. H x b x d: 186 x 60 x 65 sm.

Afmælisverð (stál, kámfritt):

KG 36VW32

117.900 kr.

Fullt verð: 149.900 kr.

Afmælisverð (hvítur):

KG 36VWU20

99.900 kr.

Fullt verð: 129.900 kr.



Uppþvottavélar, Serie 4

14 manna. Sex kerfi, þar á meðal hraðkerfi á 60° C (klukkustund). Þrjú sérkerfi, meðal annars tímastytting og sérlega þurrt. Hljóð: 44 dB. Zeolith-þurrkun. Hnífaparaskúffa. „aquaStop“-flæðivörn.

Afmælisverð (stál):

SMU 46F01S

Afmælisverð (hvít):

SMU 46FW01S

116.900 kr.

Fullt verð: 149.900 kr.



SIEMENS

Bakstursofnar, iQ700

Stórt 71 lítra ofnrymi. Kjöthitamælir. 13 hitunaraðgerðir, þar á meðal 4D-heitur blástur. Hraðhitun. Nákvæm hitastýring frá 30 - 300° C. TFT-skjár. Brennslusjálfhreinun.

Afmælisverð (hvítur):

HB 675GIW1S

169.900 kr.

Fullt verð: 219.900 kr.

Afmælisverð (stál):

HB 674GCS1S

159.900 kr.

Fullt verð: 199.900 kr.



SIEMENS

Spanhelluborð, iQ700

Án ramma með slípuðum framkanti. „flexInduction“-hella: Skynjar stærð ílátsins. Snertisleði. Steikingarskynjari. Tímastillir. Breidd: 59,2 sm.

Afmælisverð:

EX 651FEC1E

124.900 kr.

Fullt verð: 159.900 kr.



Eldri borgarar í Hvergerði slá ekki slöku við þegar kemur að heilsuræktinni. Bærinn hefur einnig stutt dyggilega við starfið. Fram undan er námskeið fyrir eldri borgara, þeim að kostnaðarlausu, en það er Hveragerðisbær sem stendur straum að kostnaði við námskeiðið.

Sérhæfur þjálfari kennir námskeiðið
Það er Berglind Elíasdóttir sem er kennari á námskeiðinu. Hún er menntaður íþrótta og heilsufræðingur. Hún hefur sérhæft sig í hreyfingu og þjálfun eldri aldurshópa og vann meðal annars meistaraverkefni sitt í tengslum við málefnið. Á námskeiðinu sem er átta vikur,

verður leitast við að stuðla að aukinni hreyfingu, koma inn styrktarþjálfun, auka úthald og bæta andlega líðan. Ávinningur af því að stunda heilsuefningu af þessu tagi er sá að hún eykur færni og sjálfsbjargargetu í athöfnum daglegs lífs og gerir eldri íbúum kleift að búa við sem best lífsgæði svo lengi sem unnt er.

Kennt innandyrna við góðar aðstæður
Námskeiðið verður innandyrna í Hamarshöllinni. Innandyrna er jafn og góður hiti ásamt því að undirlagið er gott og jafnt. Það ættu allir að geta komið og notið hreyfingarinnar á sínum hraða við ákjósanlegar aðstæður.

Hundraðasti lestrarhesturinn

Lestrarhesturinn er samstarfsverkefni Bókabæjanna austanfjalls og Dagskrárinnar þar sem efninu er ritstýrt af Bókabæjunum og birtist í Dagskránni. Í þessu blaði fræðumst við um þann hundraðasta og hlýtur það að vera skýrt merki um að fólk er að

nauðsynlegt að rækta og hlúa að því sem skiptir máli. Lesturinn er grunnstoðin í menntuninni sem svo er aflvaki samfélagsins. Ólæs einstaklingur er ekki með lykila að heiminum,” segir hann. Jón nýtur þess líka að vera í samskiptum við fólk og sjálfur hefur hann töluverða ástríðu



lesa bækur í nærsamfélagi okkar. Fyrsti Lestrarhesturinn reið á vaðið 4. júní 2016 fyrir rétt rúmum fjórum árum og sá sem hefur séð um fóðrun og tamningu þessa hests frá byrjun er Jón Özur Snorrason búsettur Selfyssingur og áhugamaður um menningu og menntun. Innur eftir því af hverju hann sé að standa í þessu kauplaust að finna fólk og spyrja það um bóklestur segist hann bara hafa „gagn og gaman af því“ eins og hann orðar það. „Og svo er líka

fyrir því að skrifa sjálfur. „Þó að ég myndi ekki teljast mikill lestrarhestur því bæði les ég hægt og bítandi það er að segja ég er alltaf að bíta í það sem ég les, finna merkinguna og samhengið, þá myndi ég miklu frekar kallast rithestur ef svo má segja.“ Það var svo ákvörðun Öldu, konu Jóns, að hundraðasti lestrarhesturinn yrði barn því börnin skipta öllu máli í stóra samhenginu, velferð þeirra og þroski, hamingja og menntun. Þau eru framtíðin.

Ég myndi skrifa körfuboltabækur í anda Gunnars Helgasonar

- segir lestrarhesturinn Hrói Bjarnason Freyjuson

Hrói Bjarnason Freyjuson er nýorðinn átta ára og býr á Þór-oddsstöðum í Grímsnesi með mömmu og pabba og tveggja ára systur sinni Vöku. Hrói er í þriðja bekk í Bláskógaskóla á Laugarvatni og stundar hestamennsku af kappi, spilar körfubolta og aðrar íþróttir með Ungmennafélagi Laugdæla.



Hvað bók ertu að lesa núna?
Ég er að lesa *Barist í Barcelona* eftir Gunnar Helgason. Ég fékk áhugann á henni þegar allir voru að lesa *Mamma klikk* í skólanum. Þá byrjaði ég að lesa sögurnar hans Gunnars Helgasonar og núna hef ég lesið allar bækurnar sem hann hefur skrifað. Ég byrjaði á *Mamma klikk* og *Pabbi prófessor* og svo fór ég að lesa fótboldabækurnar þegar ég sá *Víti í Vestmannaeyjum*. Svo er ég líka búinn að vera að lesa *Handbók fyrir ofurhetjur*. Hún vakti áhuga minn þegar ég fékk fyrstu bókina í afmælisgjöf og fannst hún skemmtileg. Ég er búinn að lesa fimmtu bókina og ætla að reyna að finna sjöttu og síðustu bókina.

síðan ég var lítill. Við lesum alltaf áður en ég fer að sofa. Við vorum að klára *Hobbitann* og hún er uppáhalds. Þegar ég var pínulítill þá voru það *Dýrin í Hálsaskógi* og *Bangsímon*. Bangsímon-myndin er líka svaka skemmtileg. Og pínu sorgleg og fyndin. Núna erum við að lesa *Galdrakarlinn í Oz* og hún er mjög skemmtileg. *Harry Potter* eru líka uppáhalds hjá mér.

En hvernig myndir þú lýsa lestrarvenjum þínum?
Það er gott að lesa á klósettinu. (Við mamma hlógum mikið þegar ég sagði þetta.) Ég var oft að lesa í hádeginu með afa í sumar. Þá lásum við *Garðar og glóblesti* og það er líka gott að lesa þegar manni leiðist. Um daginn fór ég með mömmu í vinnuna og las allan tímann. Það er oft lesið fyrir mig og ég hlusta líka á hljóðbækur í Storytel. Mamma vinnur nefnilega í Menntaskólanum að Laugarvatni og skrifstofan hennar er alveg upp við bóka-safnið. Þar er gaman að lesa og gott að vera á róandi stað. Svo get ég líka sagt að ég las fyrstu bókina *Handbók fyrir ofurhetjur* tvisvar. Einu sinni las ég bók um *Kidda klaufa* tvisvar. Annars finn ég mér alltaf nýjar bækur og les þær. Fletti þeim ekki bara.

En hvers konar bækur höfðu helst til þín?
Bækurnar hans Gunnars Helgasonar því þær eru fyndnar og skemmtilegar. Jón getur verið kjáni. Stella er klikk en ekki mamman í *Mamma klikk*. Eða svona eiginlega. *Harry Potter* og *Hobbitinn* eru skemmtilegar bækur út af því að þær eru spennandi og persónurnar eru skemmtilegar og stundum ógeðslegar. Eins og dríslar og orkar, úlfar í *Harry Potter* og allskonar skrímsli eins og stór ógeðslegur hundur.

Er lesið fyrir þig heima?
Já mamma og pabbi hafa lesið margar bækur fyrir mig alveg

Áttu þér einhverja uppáhaldshöfundu?
J. K. Rowling af því að ég sá smá úr myndunum heima hjá Arnaldi vini mínum og vildi sjá þær en mamma og pabbi vildu fyrst lesa bókina saman. Ég fékk *Harry Potter* í afmælisgjöf og fannst hún skemmtileg og núna erum við búin að lesa tvær, hlusta á þær líka og horfa á myndirnar. Svo er Gunnar Helgason og bækurnar hans í miklu uppáhaldi eins og ég sagði áðan. Ég hef lesið nokkrar bækur eftir Roald Dahl. Við lásum *BFG (The Big Friendly Giant)* í sumar og hún er skemmtileg, fyndin, hræðileg og stundum svolítið ógnvekjandi. Mig langar að lesa *Georg og magnaða mixtúran* eftir Roald Dahl.

Eru einhverjar persónur í meira uppáhaldi en aðrar?
Ég myndi alveg vilja vera Jón í *Barist í Barcelona* eftir Gunnar Helgason. Svo eru Skúli og Ívar í sömu sögu dálítið óþolandi.

Hvernig bækur myndir þú skrifa ef þú værir rithöfundur?
Körfuboltabækur. Þær væru svipaðar og bækur Gunnars Helgasonar nema bara um körfubolta. En ég hef reyndar prufað að gera sögur í skólanum. Man samt ekkert sérstaklega eftir þeim.

Lestrarhestur númer 100. Umsjón Jón Özur Snorrason.

Ölfus og Árborg í eina sæng

Það væri áhugavert að vita hug íbúa Ölfuss og Árborgar hvað varðar sameiningu þessara tveggja öflugu sveitarfélaga. Það hefur verið gaman að fylgjast með þeim metnaði og þeirri miklu uppbyggingu sem átt hefur sér stað í Ölfusi undanfarin ár og ekki er slakað á heldur frekar bætt í. Á sama tíma hefur íbúafjölgun í Árborg nánast verið án fordæma og mikið fé og kraftur farið í uppbyggingu innviða í Árborg. Bæði þessi sveitarfélög hafa tekið miklum breytingum á fáum árum og þau eru að takast á við í senn krefjandi og spennandi verkefni. Ef íbúar þessara sveitarfélaga myndu ákveða að þau skyldu sameinast opnast þeim ótrúleg tækifæri. Hagræðing í rekstri, öflugri rafræn stjórnsýsla, spennandi tækifæri í byggðaðróun. Betur skilgreind atvinnusvæði

þar sem sameinað sveitarfélag verður eitt mest spennandi atvinnusvæði landsins hvað varðar staðsetningu, fjölbreytileika og aðgengi. Árborg og Ölfus munu með stórbættum veg milli Hveragerðis og Selfoss sem og nýrri brú austan við byggðina á Selfossi þurfa að tryggja að Þorlákshöfn, Eyrarbakki, Stokkseyri og Selfoss verði áfram í „alfaraleið“ þeirra sem aka um Suðurland. Ölfus og Árborg þurfa í senn að sækja fram og að verjast. Tækifæri okkar sem búum á Suðurlandi eru mikil og gæfa okkar eftir því. Við þurfum þó ávallt að skoða hvað við getum gert betur til að bæta lífsgæði okkar, auka atvinnu og að fara sem best með almannafé. Er núna góður tími til að kanna hug íbúa Árborgar og Ölfuss? Guðmundur Ármann, íbúi í Árborg.

Sýrueyðing, dulinn óvinur

Sverrir Örn Hlökkversson, tannlæknir

Tannskemmdatiðni barna hefur aldrei verið jafn lág, en á sama tíma sjáum við mikla fjölgun þeirra sem glíma við sýrueyðingu, jafnt ungumenni sem fullorðna. Hvað veldur og hvernig má sporna gegn eyðingunni?

Hvað er sýrueyðing?
Sýrueyðing/glerungseyðing (erosion) er þegar sýra þynnir upp og eyðir tönninni. Sýrueyðing hefur ekkert með sykurlausni eða hefðbundnar tannskemmdir að gera og er oftast flóknari viðureignar. Eyðingin gerist yfirleitt á löngum tíma og meðhöndlun getur orðið ansi flókin ef mikill tannvefur tapast.

Uppbygging tanna
Ysta lag tanna heitir glerungur, sterkur varnarskjöldur sem tekur langan tíma að eyða. Fyrir innan hann er tannbein, meginuppistaða tanna, mýkra og viðkvæmara. Það tekur styttri tíma að eyða 1mm tannbeins heldur en 1mm glerungs.

Útlit í munni
Efri góms framtennur þynnast innanfrá, verða jafnvel gegnsæjar á bitköntunum. Síðan kvarnast neðan af þeim svo þær stytast.
Á bitflötum jaxla sjást fyrst litlir „gígir“/bollar þar sem glerungurinn þynnist („bollastell“). Þeir dýpka síðan hraðar þegar eyðingin er komin inn í tannbein. Bit-hæð tapast.

pH skalinn
pH skalinn (frá 0-14) lýsir sýrleika. Skalinn er veldis-skali; pH5 er ekki tveimur stigum súrara en pH7 heldur 100 stigum. Vatn (pH7) er hlutlaust. Allt undir pH7 er súrt, því lægra pH gildi því súrara. Allt undir pH 5,5 er skaðlegt tönnum, því súrara því verra.

Hvaðan kemur sýran?
Algengast er að sýran komi úr drykkjum. Þar eru stærstu óvinirnir sítrónusýra og fosfórsýra. Kolsýra ein og sér er hins vegar í lagi. Sítrónusýra er í svo til öllu sem okkur þykir gott: Gosdrykkjum, ávaxtasöfum og svölum, orkudrykkjum, íþróttadrykkjum, duftblöndum og frostþinnum.
Hrein sítrónusýra er um pH2,2 (100.000x súrari en vatn) og kóladykkir eru svipadír (um pH2,5), jafnt sykurlausir sem sykraðir. Þeir valda því gríðarmikilli sýrueyðingu. Flestir vinsælir íþrótt- og orkudrykkir eru á svipuðum slóðum (pH2-3). Ávaxtasafar,

svalar og vín eru oft um pH3+. Semsagt, allt saman mjög sýrueyðandi. Vatn (pH7) og mjólk (pH6,5) valda hins vegar engri sýrueyðingu.

Hvað með sóðavatn?
Hreint sóða-/kol-sýrt vatn er í lagi (pH5,9). En bragðbætta sóðavatnið flækir málið. Tegundir sem innihalda ekki sítrónusýru (t.d. allir litir af venjulegum Kristal, pH4,3) valda lítilli sem engri sýrueyðingu (jafnvel hefðbundinn sítrónu Kristall). Þær tegundir sem hins vegar innihalda sítrónusýru valda sýrueyðingu (t.d. allir litir af Kristal Plús, pH 2,9). Það skiptir því miklu máli að kynna sér hvað maður lætur ofan í sig: Hefðbundinn Kristall er í lagi á meðan Kristall Plús er álíka „eitraður“ og kók (varðandi sýrueyðingu). Kristal línurnar frá Egils eru dæmi um það hversu mikilvægt er að kynna sér innihald og sýrustig. Aðrir framleiðendur bjóða líka upp á drykki bæði með og án sítrónusýru.

Feluleikur framleiðenda og meint „hollusta“
Framleiðendur virðast oft fara í hálfgerðan feluleik með að upplýsa neytendur um hvað raunverulega er í vörum. Margir drykkir eru að auki markaðssettir sem „heilsudrykkir“ þrátt fyrir að hafa lítið sem ekkert með heilsu/hollustu að gera. Hér eru nokkur dæmi um hvað framleiðendur nota í stað þess að tiltaka orðin „sítrónusýra“ eða „citric acid“ í innihaldslýsingu drykkja: „Sýrustillir“, „náttúruleg bragðefni“, „E330“, og „inniheldur hreinan ávaxtasafa“.

Ekki bara drykkir
Það eru ekki bara drykkir sem valda sýrueyðingu. Ávextir og grænmeti, sérstaklega sítrus-ávextir, geta spilað stórt hlutverk. Meira að segja sítrónusneið út í vatnið er sýrueyðandi. Ég ætla ekki að leggja mat á hollustu sítrusávaxta en það er alveg ljóst að þeir eru ekki tannvænir í miklu magni.

Neyslumynstur og lífsstíll
„Tískudrykkir“ o.fl. orku-/íþróttadrykkir hafa undanfarið ytt verulega undir sýrueyðingu. Augljóslega er verra að drekka eina flösku af súrum drykk á dag heldur en eina flösku á viku. Og sömuleiðis er verra að drekka stóra flösku heldur en litla flösku. En það er ekki nóg að skoða magnið. Það skiptir líka máli hvernig drukkið er. Það er

t.d. mun betra að klára flösku-una hratt (á matartíma) heldur en að láta sömu flösku endast tímum saman með sífelldu sötri (fyrir framan tölvuna, í skóla/vinnunni eða á æfingum). Sogror hlífa framtönnum við sýrunni að einhverju leyti en eru engin töfra-lausn.

Magasýrur
Fleiri þættir en matur og drykkur stuðla að sýrueyðingu. Magasýrur (pH1,5-3,5) eru þar algengastar, oftast tengdar bakflæði og brjóstsviða en líka uppköstum/átröskun. Bakflæði getur verið dulið, þ.e. verið til staðar án þess að viðkomandi átti sig á því. Ef grunur er um bakflæði er réttast að ráðfæra sig við meltingarsérfræðing.

Hvað er hægt að gera?
Forvarnir eru mikilvægast þátturinn, að sporna gegn því að sýrueyðing byrji yfirhöfuð:
- Lágmarka neyslu súrra drykkja (og matar). Engin boð og bönn, daglega rútínin skiptir mestu máli.
- Drekkja/borða hratt og klára. Ekki sífellt sötur/nart.
- EKKI burstu tennurnar strax eftir neyslu súrrar vöru!
- Skola munninn alltaf með vatni eftir súra neyslu.
- Nota flúortannkrem. Stundum þarf að bæta við enn meiri flúor.
- Meðhöndla bakflæði.
- Óheppilegt bit og gnístran tanna gera illt verra.

Ef eyðingin er hins vegar byrjuð er réttast að þú ráðfærir þig við þinn tannlækni. Það er mikilvægt að finna út hvað veldur eyðingunni svo hægt sé að taka á vandamálinu. Einnig er gott að meta hvort eyðingin sé virk eða ummerki frá fyrri tíð. Tannlæknar þurfa stundum að grípa inn í með plastuppbyggingum og í svæsnustu eyðingunum þarf að krýna tennur svo þeim verði bjargað. Meðhöndlunin getur verið flókin, tímafrek og kostnaðarsöm, að ekki sé talað um lífsgæðaskerðinguna og viðhaldsvesen á viðgerðunum. Heilbrigðar tennur eru margfalt betri en viðgerðar.

Sverrir Örn Hlökkversson
tannlæknir

Kartöflugeymslan Selfossi Ártúni

Kæri notandi,
ákveðið hefur verið að taka á móti kartöflum til geymslu.

Laugardaginn 19. september Kl. 13 - 15.
Laugardaginn 26. september Kl. 10 - 12 og 13 - 15.
Laugardaginn 3. október Kl. 13 - 15.

Gjaldið verður 2000 kr. fyrir básinn. Þeir sem hafa lykil að geymslunni en ætla ekki að nota hana eru beðnir að skila honum á sama tíma.

Stjórnin



Land til ræktunar

Landgræðslan auglýsir til leigu óbrotið land til ræktunar í nágrenni Gunnarsholts í Rangárþingi ytra. Leiguverð er samkvæmt gjaldskrá Landgræðslunnar. Umsóknir skal senda á netfangið reynir@land.is og er umsóknarfrestur til 25. september næstkomandi.

Nánari upplýsingar veita Reynir Þorsteinsson, í síma 892-1347 eða reynir@land.is



Sveitarfélagið
ÁRBORG

ÚTBOÐ

Fasteignafélag Árborgar
óskar eftir tilboðum í verkið:

Nýr grunnskóli í Björkustykki - Jarðvinna

Verkið felst í jarðvinnu fyrir undirstöður skólabyggingar í Björkustykki á Selfossi í nýju hverfi sem er í uppbyggingu sunnan við núverandi byggð í Selfossi.

Grafa skal fyrir undirstöðum niður á burðarhæfan botn, losa klöpp/hraun þar sem þarf og fylla undir undirstöður. Þá skal grafa lagnaskurð að tengipunktum við götu og ganga frá lögnum í honum.

Verklok eru þann 15.01.2021.

Helstu magntölur eru eftirfarandi:

Uppgröftur	13.200 m3
Losun á klöpp	500 m3
Fyllingar undir mannvirki	12.900 m3
Fyllingar undir plan/vinnusvæði	3.100 m2
Girðingar	520 m

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með þriðjudeginum 15. september 2020. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Höllu Katrínu Svölu- og Arnardóttur hjá EFLU með tölvupósti í netfangið halla.katrin@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang bjóðanda og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila til EFLU verkfræðistofu, Austurvegi 1-5, 800 Selfoss fyrir kl. 11.00 fimmtudaginn 8. október 2020 og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Mannvirkja- og umhverfissvið Árborgar

ÚTBOÐ

Lækjartún LT2-01

Landsnet óskar eftir tilboðum í að grafa fyrir og leggja 15,3 km 132 kV jarðstreng frá nýju tengivirki Landsnets við Lækjartún að tengivirki Landsnets á Hellu. Auk þess að leggja 1,2 km 66 kV jarðstreng frá núverandi loftlínu Selfosslínu 2 að nýja tengivirkinu við Lækjartún og 220 kV jarðstrengi innan lóðar tengivirkis.

Tilboð verða opnuð fimmtudaginn 15. október kl. 14.00.

Allar nánari upplýsingar er finna á utbod.landsnet.is og www.utbodsvefur.is

LANDSNET



Sveitarfélagið
ÁRBORG

ÚTBOÐ

Fasteignafélag Árborgar
óskar eftir tilboðum í verkið:

Nýr grunnskóli í Björkurstykki
- Byggingastjóri
- Framkvæmdaeftirlit

Verkið felur í sér að taka að sér hlutverk byggingastjóra og framkvæmdaeftirlits vegna rúmlega 5000 fermetra byggingar 1. áfanga Björkurskóla á Selfossi í nýju hverfi sem er í uppbyggingu sunnan við núverandi byggð á Selfossi. Um er að ræða framkvæmd á jarðvinnu, uppsteypu ásamt lokafragágangi að utan og innan.

Verktími: Október 2020 til júlí 2022.

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með þriðjudeginum 15. september 2020. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Höllu Katrínu Svölu- og Arnardóttur hjá Eflu með tölvupósti í netfangið halla.katrin@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila til Eflu verkfræðistofu, Austurvegi 1-5, 800 Selfoss fyrir **kl. 11.00 þriðjudaginn 6. október 2020** og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Mannvirkja- og umhverfissvið Árborgar



Cinn-a-moment mættur á kranann

Síðasta fimmtudag var skemmtilegt samstarfsverkefni kynnt á Ölverki í Hveragerði en þá gafst gestum kostur á að smakka bjór sem var hannaður og bruggaður í sameiningu af Ölverki brugghúsi frá Hveragerði og GK bakaríi frá Selfossi. Ölverki og GK bakaríi eiga það sameiginlegt að vera í eigu ungs fólks þar sem hugmyndafluginu er gefinn laus taumur við hvert tækifæri. Báðir staðir hafa verið rómaðir fyrir gæðavörur og líflegt andrúmsloft og var ekki við öðru að búast en að úr yrði frábær afurð þegar þessi tvö fyrirtæki settust saman að teikni-borðinu.

Ánægjulegt samstarf og tilraunir í fyrirrúmi

„Það var núna í lok sumars að við kynntumst þeim Elvari og Laufeyju á Ölverki og vorum við fljótir að komast að því að héra væru á ferðinni skemmtilegir aðilar, með góðar vörur og skemmtilegar þælingar sem gaman væri að vinna eitthvað frumlegt með. En við í GK bakaríi höfum verið alveg óhræddir við allskyns tilraunastarfsemi

frá því að við opnuðum bakaríið okkar núna í byrjun ársins 2020,“ sagði Guðmundur H. Harðarson, annar eigandi GK bakarís. „Það var eftir nokkra hönnunarfundi að við mættum á sjálfum bruggdeginum með fullt af snúðum, bakkelsi og áhuga á því að brugga með Ölverki hinn fullkomna bjór fyrir alla alvöru sælkera. Við ákváðum að gera saman „Stout“ með kanilsnúðum en það voru yfir 30 kíló af snúðum sem notaðir voru í meskinguna á korninu,“ segir Kjartan Ásbjörnsson, annar eigandi GK bakarís.

Marsipanið kallar og kemur í ljós í fyrsta sopa

„Stout er í grunninn breskur bjórstíll sem þróast út frá Porter sem er því oftast þekktastur fyrir það að vera litli bróðir Stoutsins. Það sem einkennir Stout er að notað er töluvert af brenndu korni sem gefur kaffi-, lakkrís- eða súkkulaðitóna í bjórinn. Hann er svo allajafna kolsvartur á litinn og með góðan „líkama“. Okkur fannst Stout tilvalinn bjór til að setja kanilsnúða út í, en Pastry Stout er ákveðinn bjór-

stíll sem þykir frekar móðins í bjórheiminum í dag. Bjórinn fékk nafnið Cinn-a-moment en hann er mjög dökkur í glasi með hvítan haus. Strax og maður fær glasið í hönd fer marsipanlyktin að kalla á mann og við fyrsta sopa kemur marsipanið betur í ljós og svo að endingu kanill þegar sopin rennur niður hálsinn. Þegar smjattað er á honum eftir sopann kemur fram fallett stout bragð sem umleikur munninn,“ segir Elvar Þrastarson, bruggemeistari.

Leikurinn endurtekinn síðar

Það var virkilega ánægjulegt að sjá hversu margir lögðu leið sína á viðburðinn okkar í síðustu viku en héra voru samankomnir bjóráhugamenn allsstaðar að; frá Hveragerði, Selfossi og Reykjavík. Það vakti svo líka sérstaka lukku að öllum gestum kvöldsins var boðið upp á nýbakaða kanilsnúða frá GK bakaríi. „Þetta ferli var frá A til Ö mjög skemmtilegt og munum við án efa endurtaka leikinn við tækifæri,“ segja krakkarnir að lokum.

Langaði að vera fátækur listamaður og túristi í eigin landi

Tryggvi Pétursson er nemandi á 3. ári í tónsmíðum við Listaháskóla Íslands. Hugur hans leitaði út á land fyrir sumarið þar sem hann langaði að vinna að öðrum listformum. Tryggvi sá fyrir sér að úti á landsbyggðinni fengi hann bæði frið og pláss til að stunda hverja þá listsköpun sem hann langaði. Tryggvi segir að Hvolsvöllur hafi birst sér sem fullkominn staður, nógu langt frá Reykjavík til að fá smá fjarlægð en einnig nógu nálægt til að hægt sé að skreppa til að vinna. „Hvolsvöllur er einnig í mjög hentugri stærð til að vinna að svona tilraunastarfsemi,“ sagði Tryggvi. Svo heppilega vildi líka til að skóla-



systir Tryggva, Sæbjörg Eva Hlynisdóttir frá Voðmúlstöðum, gat hjálpað honum að finna stað til að vera á þannig að allt small vel saman. Í lok sumars

gaf Tryggvi sveitarfélaginu tvö listaverk eftir sig sem sjá má á meðfylgjandi mynd. Þeim verður komið upp á hentugum stöðum.



REKSTRARLAND NÝ VERSLUN Á SELFOSSI

OPIÐ

MÁN.-FIM. 8-18

FÖS. 8-17

OPNUNARTILBOÐ

25%

AFSLÁTTUR AF ÖLLU
17. OG 18. SEPT.

Í Rekstrarlandi fást gæðavörur
fyrir heimili, einstaklinga, fyrirtæki,
iðnað, landbúnað og sjávarútveg.

Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Barbára Sól valin í A-landsliðið í fyrsta sinn

— Þrír Selfyssingar í landsliðshópnum —

KNATTSPYRNA Barbára Sól Gísladóttir, Anna Björk Kristjánsdóttir og Dagný Brynjarsdóttir, leikmenn Selfoss, eru allar í leikmannahópi A-landsliðs kvenna í knattspyrnu sem mætir Lettlandi

og Svíþjóð í undankeppni EM í september.

Þetta er í fyrsta skipti sem Barbára Sól er valin í kvenna-landsliðið en hún hefur leikið 22 leiki fyrir U19 ára landsliðið,

8 leiki fyrir U17 og 4 leiki fyrir U16.

Anna Björk hefur leikið 43 A-landsleiki og Dagný 88 auk þess sem hún hefur skorað 26 mörk fyrir Ísland.



Arnar Logi gulltryggði sigur Selfyssinga gegn ÍR. Ljósmynd: Fótibolti.net/Hafliði Breiðfjörð

Félagsmet hjá Selfoss

KNATTSPYRNA Selfoss lék tvo leiki í 2. deildinni í seinustu viku og bar sig úr bótum í báðum leikjunum. Liðið hefur nú unnið átta leiki í röð sem er félagsmet hjá knattspyrnudeild Selfoss.

Selfoss sótti Víði heim í Garðinn 9. september og urðu lokatölur 1-4. Hrvoje Tokić skoraði tvö fyrstu mörkin, Kenan Turudija bætti þriðja markinu við áður en Jökull Hermannsson kórónaði leik strákanna okkar með fjórða markinu.

Á sunnudag hafði liðið betur gegn ÍR á JÁVERK-vellinum. Selfyssingar höfðu yfirhöndina

í leiknum frá upphafi. Valdimar Jóhannsson skoraði fyrsta mark Selfoss eftir tæpan stundarfjórðung. Tokić tvöfaldaði forystu Selfyssinga skömmu fyrir hálfleik. Arnar Logi Sveinsson bætti við þriðja marki Selfoss á 63. mínútu leiksins. ÍR náði að klóra í bakkann og lokatölur því 3-1, Selfoss í vil.

Selfyssingar tróna á toppi deildarinnar ásamt Kórðrengjum með 37 stig að loknum sextán leikjum. Næsti leikur liðsins er gegn Þrótti úr Vogum á JÁVERK-vellinum laugardaginn 19. september, kl. 14:00.

Olísmótið blásið af

KNATTSPYRNA Stjórn knattspyrnu-deildar Selfoss hefur ákveðið, í ljósi stöðunnar á heimsfaraldrinum af völdum Covid-19, að Olísmót 2020 sem átti að vera 7.-9. ágúst síðastliðinn, en var frestað vegna Covid-19, verði ekki haldið.

Uppi voru hugmyndir að halda Olísmótið í september en þar sem nokkur tilfelli af Covid-19 hafa komið upp á Selfossi síðustu daga m.a. í 5. aldersflokki telur deildin best fyrir alla að Olísmót verði haldið aftur 2021 á sínum hefðbundna tíma 6.-8. ágúst.



Hlökkum til að sjá keppendur á Olísmótinu árið 2021. Ljósmynd úr safni Umf. Selfoss

Leikmenn mánaðarins
Knattspyrnudeild Selfoss
September 2020

Pórey Mjöll Guðmundsdóttir
Leikmaður 6. flokks kvenna

Victor Marel Vokes
Leikmaður 7. flokks karla

selfossfotbolti

selfoss.net/knattspyrna

Olís-deildin er byrjuð aftur:

Selfyssingar með tvö stig í fyrsta leik

HANDBOLTI Selfyssingar sóttu tvö góð stig í Garðabæinn þegar liðið mætti Stjörnunni í fyrsta leik liðsins í Olísdeildinni í vetur.

Jafnt var á með liðunum allan leikinn. Stjarnan skoraði síðustu tvö mörk fyrri hálfleiks og leiddu í hálfleik 15-13. Selfyssingar komu sterkari til leiks í seinni hálfleik og breyttu stöðunni í 16-18. Stjörnumenn jöfnuðu leikinn á ný og úr varð æsispennandi lokakafli, jafnt á flestum tölum en Selfyssingar skoruðu seinasta mark leiksins og tryggðu sér verðskuldaðan eins marks sigur 26-27 þegar rúmlega mínúta var eftir af leiktímanum.

Mörk Selfoss: Guðmundur Hólmar Helgason 10/3, Hergeir Grímsson, Atli Ævar Ingólfsson, Daniel Karl Gunnarsson, Einar Sverrisson og Alexander Már Egan 3, Ísak

Gústafsson og Tryggvi Þórisson 1 mark. Varin skot: Vilíus Rasimas 15/2 (35%).

Næsti leikur liðsins er gegn KA í Hleðsluhöllinni föstudaginn 18. september kl. 19:30. Hvetjum fólk til að mæta á fyrsta heimaleik strákanna okkar í Hleðsluhöllinni.

Grill 66 deildin hjá stelpunum hefst sunnudaginn 20. september þegar þær sækja ungmennalið HK heim í Kórnum í Kópavogi kl. 19:30.

Sala árskorta er komin á fullt og mælum við auðvitað með því að fólk grípi eitt fyrir sig og annað fyrir einhvern sem því þykir vænt um. Gleðin er mætt, nú grípum við hana öll og styðjum liðin okkar í allan vetur. Árskortin eru meðal annars fáanleg í vefverslun Selfoss sem finna má á slóðinni www.selfoss.net. -esó



Guðmundur Hólmar fór á kostum í fyrsta leik sínum með Selfoss. Ljósmynd: HSI

Nýsköpun og menning í þrengingum

Þegar harðnar á dalnum og blíkur eru á lofti er mikilvægt að leggja ekki árar í bát heldur horfa fram á við og skipuleggja verkefni sem gera okkur kleift að komast upp úr öldudalnum.

Því hefur verið haldið fram og kannski með réttu, að nýsköpun sé ekki ein af leiðunum fyrir okkur til að koma af stað vexti í hagkerfinu, heldur eina leiðin. Hvort það sé hárrétt skal ósagt látið en mikilvægi nýsköpunar eykst í það minnsta mikið í samdrætti.

Það sama má segja um menninguna og þau miklu áhrif sem blómlegt menningarlíf hefur á mannlíf og velferð samfélaga. Þá er einnig vert að nefna skapandi greinar og þau mikilvægu efna-hagslegu áhrif sem velgengi og vöxtur þeirra hefur á hagkerfið. Innan skapandi greina eru fjölmörg tækifæri til nýsköpunar. Suðurland getur staðið framarlaga þegar kemur að skapandi

Hrafnkell Guðnason

Ráðgjafi SASS



greinum, hér er mannauður fyrir hendi, staðsetning, fjarskipti, samgöngur, umferð um landshlutann og margt annað sem styður vöxt þeirra er fyrir hendi.

Markmið Uppbyggingarsjóðs Suðurlands er meðal annars að styðja við nýsköpun og atvinnuskapandi verkefni sem efla fjölbreytileika atvinnulífs, ásamt því að efla menningarstarfsemi og listsköpun á Suðurlandi. Sjóðurinn styrkir árlega á bilinu 130-160 verkefni, annars vegar í flokki nýsköpunar og atvinnu og hins vegar á sviði menningar. Tvisvar á ári er opnað fyrir úthlutanir, og rennur frestur út í mars og október ár hvert. Núna

er opið fyrir umsóknir en frestur til að skila inn í þetta umsóknarferli rennur út 6. október næstkomandi kl. 16.00. Umsóknum skal skilað í gengum form sem er aðgengilegt á heimasíðu SASS og þar má einnig finna áherslur og markmið sjóðsins ásamt úthlutunarreglum og mati á umsóknum, sem mikilvægt er fyrir umsækjendur að kynna sér.

Ráðgjafar á vegum SASS sem eru staðsettir vítt og breytt um Suðurland eru reiðubúnir til að veita aðstoð við mótun verkefna, gerð umsókna og áætlunargerð. Hægt er að hafa samband við ráðgjafa símileiðis, með tölvupósti eða bóka með þeim fund. Nú er einnig hægt að bóka ráðgjöf í fjarfundi sem ráðgjafi setur upp í samráði við umsækjanda. Fjarfund er hægt að panta á heimasíðu SASS eða með því að senda tölvupóst á viðkomandi ráðgjafa.

Við bíðum spennit eftir að heyrja ykkar hugmyndir.



Fegurstu garðar Hveragerðisbæjar fá viðurkenningu



Umhverfisnefnd Hveragerðisbæjar hefur valið þá garða sem viðurkenningu hljóta árið 2020 sem fegurstu garðar bæjarfélagsins. Vegna sérstakra aðstæðna í samfélaginu var ekki hefðbundin verðlaunaafhending heldur afhentu formaður umhverfisnefndar, garðyrkjufulltrúi og bæjarstjóri garðeigendum viðurkenningar í hverjum garði fyrir sig. Garðarnir munu svo verða opnir almenningi til skoðunar, venju samkvæmt, næsta sumar.

Eigendur Bláskóga 9, Þorsteinn Guðmundson og Hrói Leví Eco hljóta verðlaun fyrir sérstaklega vel heppnaða endurnýjun á gömlum garði í elsta bæjarhluta Hveragerðisbæjar. Eins og víða er þessum slóðum er garðurinn mjög stór og hefur hann þjónað ýmsum tilgangi í gegnum tíðina en hafði farið í nokkra órækt á síðari árum. Gömul tré sem felld voru hafa verið nýtt afar hugvitsamlega til dæmis með því að búa til drumba sem aðskilja og hækka upp beðin frá grasinu, einnig hafa greinar fallinna trjáa verið nýttar sem uppbinding fyrir nýju trén á skemmtilegan og náttúrulegan hátt. Annað sem féll til



í garðinum svo sem grjót var einnig nýtt á mjög skemmtilegan hátt, en úr varð sérstaklega skemmtilegur og hlýlegur garður.

Gróðurvalið í garðinum er fjölbreytt, og er flott samblanda af gömlum og nýjum trjáum og runnum, ásamt fjörlæringum inná milli.

Eigendur Valsheiðar 6, Ingibjörg Sverrisdóttir og Óttar Baldursson, hljóta verðlaun fyrir einstaklega fallegan garð sem þrátt fyrir ungan aldur er orðinn fallega gróinn. Umhirða planta er einstaklega góð og flæðið á milli stíga, palla og beða kemur

skemmtilega út í bogalínunum sem brýtur garðinn upp á spennandi hátt. Garðurinn hefur uppá margt að bjóða og er hver krókur og kimi nýttur, hvort sem það er fyrir beð, göngustíg, pall, gróðurhús, grillsvæði, hjólagæmslu eða bílaplan. Garðurinn hlaut verðlaun árið 2008 en hann þótti þá einstaklega vel heppnaður nýr garður og er gaman til þess að vita að því góða starfi hefur verið haldið áfram af mikilli list.

Eigendur Dalsbrúar 11, Árni Helgason og Elísa Símónardóttir, hljóta verðlaun fyrir sérstaklega fallegan nýlegan garð. Þó garðurinn sé ekki sérlega stór er rýmið nýtt hugvitsamlega, bæði hvað gróður varðar en einnig þegar kemur að stéttum og pöllum. Allt í garðinum er unnið af einskárrí natnir og hugviti enda eru eigendur mikið hagleiksfólk. Gróðurvalið í garðinum er fjölbreytt stílhrein blanda af runnum og fjörlæringum. Garðurinn sýnir svart á hvítu að hægt er að gera garða ótrúlega aðlaðandi á furðu skömmum tíma í kringum nýbyggingar. Gaman verður að fylgjast með garðinum á næstu árum þegar gróðurinn verður orðinn stærri og eldri.



SUNNULÆKJARSKÓLI

Vegna fæðingarorlofs vantar umsjónarkennara í 2. bekk í tímabundna ráðningu til vors. Þá vantar forfallakennara til starfa við skólann.

Í skólanum eru um 730 nemendur og þar er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólastarfinu koma. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Leitað er að umsækjendum með kennsluréttindi og sérhæfingu á grunnskólastigi, góða íslenskukunnáttu, áhuga og reynslu af teymiskennslu og góða samskiptahæfni.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu skólans: <http://www.sunnulaekjarskoli.is> og hjá skólastjóra í síma 480 5400.

Umsóknarfrestur er til 18. september 2020.

Sækja þarf um stöðurnar á vef Sveitarfélagsins Árborgar, <http://starf.arborg.is>.

Skólastjóri

Langar þig í skemmtilegan kór?

Nýtt starfsár er að hefjast í Jórúkórnum og laus pláss fyrir nýja meðlimi

Raddprufur í september

Skráðu þig á jorukor@gmail.com

Samið um tilraunaverkefni í úrgangsmálum við Skaftárhrepp

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Skaftárhreppur hafa gert með sér samning um tilraunaverkefni þar sem prófaðar verða lausnir fyrir úrgangsstjórnun sveitarfélaga. Þau Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðgjafi, og Eva Björk Harðardóttir, oddviti sveitarstjórnar Skaftárhrepps, undirrituðu í dag samning sem felur í sér að Skaftárhreppur tekur að sér að prófa mismunandi lausnir í sorphirðu þar sem meðal annars verða gerðar tilraunir með snjalllausnir. Að verkefninu koma auk Skaftárhrepps, Háskóli Íslands og ReSource International ehf.



Ýmsar tilraunir fram undan í sveitarfélaginu

Tilraunaverkefnið felur í sér að sveitarfélaginu verður skipt upp í sex svæði þar sem verða prófaðar mismunandi leiðir í sorphirðu, en Skaftárhreppur er annað víðfeðmasta sveitarfélag landsins. Markmiðið er að finna sorphirðukerfi sem henta best íslenskum sveitarfélögum, jafnt í þéttbýli sem dreifðari byggðum, með tilliti til áhrifa á samfélag, efnahag og umhverfi. Auk snjalllausna, sem munu gefa

til kynna þegar gámar fyllast og reikna út bestu akstursleiðir milli þeirra, verða m.a. gerðar tilraunir með jarðgerð, fjölda flokkunartegunda og hvort að staðsetning á ruslatunnum og grenndargámum hafi áhrif á vilja íbúa til að flokka. Þá verða áhrif efnahagslegra og umhverfislegra hvata könnuð. „Við þurfum fyrst og fremst að draga sem mest við megum úr myndun úrgangs, en sá úrgangur sem verður til er auðvitað ákveðin verðmæti. Þau verðmæti þarf

að endurnýta og endurvinnna í mun meiri mæli en gert er í dag og allra sist eigum við að urða úrganginn. Þetta er stórt loftslagsmál og kallar á sameiginlegt átak ríkis og sveitarfélaga til að ná meiri árangri í úrgangsmálum. Ég bind miklar vonir við að lærdómurinn af tilraunaverkefninu í Skaftárhreppi verði mikill og geti hjálpað okkur að taka góðar ákvarðanir í úrgangsmálum í framtíðinni,“ sagði Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðgjafi.

RISAPRENTUN

A0 • A1 • A2 • LJÓSMYNDIR • PLAKÖT
VINNUTEIKNINGAR • RÚLLUSTANDAR



SÍMI 482 1944
SELFOS@PRENTMETODDI.IS
EYRAVEGUR 25, SELFOS

Vel heppnað grasagrafíkurnámskeið með Grunnskólanum í Hveragerði

Fyrsta grasagrafíkurnámskeiðið fór fram í Listasafni Árnesinga þann 28. ágúst sl. Það var Grunnskólinn í Hveragerði sem reið á vaðið. Það voru mörg falleg verk sem litu dagsins ljós þarna undir handleiðslu Viktors Péturs Hannessonar myndlistarmanns.

Jurtir úr flóru Íslands í aðalhlutverki

Í verkefninu er unnið með jurtir úr flóru Íslands og þær nýttar sem efniviður í listsköpun. Vinnan skilar sér m.a. í því að nemendur og kennarar þeirra sjá jurtir úr náttúru Íslands í nýju ljósi. Námskeiðið er styrkt af barnamenningarsjóði en verkefnið hlaut alls 1.500.000 kr. styrk. Hlutverk sjóðsins er að styðja við fjölbreytta starfsemi á sviði barnamenningar með áherslu á sköpun, listir og virka þátttöku barna í menningarlífinu.

Fjölskyldunámskeið framundan

Í tilkynningu frá Listasafni Árnesinga kemur fram að samhliða því að verkefnið sé keyrt í þeim skólum sem vildu taka þátt verði búið upp á fjölskyldunámskeið í safninu þann 27. september nk. Á það námskeið þurfi að skrá sig vegna aðstæðna í þjóðfélaginu. Áhugasömum er bent á að skrá sig á netfanginu listasafn@listasafn-arnesinga.is. Nánari upplýsingar eru svo á vefsíðu safnsins.



Rétta- störfin gengu vel þótt fátt væri fólkið

Það er alltaf ákveðinn hátíðar-blær í lofti þegar kemur að því að sækja fé á fjall og rétta. Réttað var víða á Suðurlandi sl. helgi og fóru þær allar fram eins og til stóð, með færri en 200 manns vegna kórónuveirunnar. Í Tungnaréttum eru að öllu jöfnu á milli 2-3000 manns á rétta-degi að gera sér glaðan dag, það var því öllu færra á svæðinu en í meðal ári. Þrátt fyrir það skildist blaðamanni að síst væri stemningin minni. Meðal annars var réttasöngurinn á sínum stað eins og löng hefð er fyrir. Um fimm þúsund fjár var í Tungna-réttum og allt var komið í sinn dilk á innan við tveimur tímum. Hér má sjá nokkrar réttamyndir, annarsvegar úr Tungnaréttum og hinsvegar úr Heiðarbæjarrétt í Þingvallasveit. Þessar myndir eru líklega eins nálægt réttunum og við komumst þetta árið, en fjöldi barna og fullorðinna sækir réttirnar heim á hverju ári og gera sér glaðan dag. -gpp



Mynd: Helgi Kjartansson



Mynd: Helgi Kjartansson



Mynd: Guðrún Rakel Svandísardóttir



Mynd: Guðrún Rakel Svandísardóttir



Mynd: Helgi Kjartansson

BYKO Selfossi auglýsir eftir starfsfólki

Við leitum að öflugum, hressum og áhugasömu starfsfólki í ýmis störf í BYKO Selfossi. Ef þú sinnir hlutum af fagmennsku, ert framsækinn og hefur gleðina í fyrirrúmi þá erum við að leita að þér.

Um er að ræða 40 til 100% stöðugildi.

Helstu verkefni er sala og ráðgjöf til okkar viðskiptavina.

Við leitum að starfsfólki sem er:

- Með ríka þjónustulund
- Með góða hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnaðarfullt
- Með áhuga á verslun og þjónustu
- Stundvíst
- Jákvætt
- Heiðarlegt

Allar nánar upplýsingar veitir **Gunnar Bjarki** verslunarstjóri, gunnarbr@byko.is
Umsóknarfrestur er til 21. september og skal sækja um í gegnum heimasíðu BYKO eða Alfreð.



BYKO

GERUM PETTA SAMAN

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU

Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 10:30-11:30 Sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 Fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.



S. 482 1944
dfs@dfs.is

BÍLAR

KLETTUR

Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.
Hjólástillingar



Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bilamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA



S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFLOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddy ehf.

Eyrangei 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

HEILSA

Nudd -
Svæðanudd

Dáleiðsla

Augnlestur og
heilsuráðgjöf

Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í Heilsulindinni
Miðgarði, Austurvegi 4,
Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun



Áttund

Jákvæðar
hugsanir
breyta
deginum



Ragnhildur
Sigurðardóttir
farsími
693 2197

Cand.mag. í þróttfræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
nuddameistari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

KIRKJUR

Selfosskirkja

Guðsþjónusta sunnudaginn 29.
september kl. 11:00. Kirkjukórinn
syngur, organisti Edit A. Molnár.
Prestur Axel Árnason Njarðvík.
Fjölskyldusamvera kl. 13:00,
umsjón Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir ásamt leiðtogum.

Skálholtsdómkirkja

Messa sunnudag kl. 11.00.
Sr. Egill Hallgrímsson annast
prestþjónustuna. Organisti er
Jón Bjarnason.

Stokkseyrarkirkja

Messa sunnudaginn 20. sept-
ember kl. 11.00. Sr. Arnaldur
Bárðarson þjónar. Kór Stokks-
eyrarkirkju leiðir söng. Organisti
Haukur Arnarr Gíslason.

Víkirkirkja í Mýrdal -
Kvöldguðsþjónusta

Guðsþjónusta verður í Víkirkirkju
sunnudagskvöldið 20. sept. nk.
kl. 20:00. Brian R. Haroldsson
leikur á orgelið. Félagar úr
Samkórnum leiða almennan
safnaðarsöng. Sálmar og lög
sem allir kunna. Fermingarborn
vetrarins í Víkurprestakalli ein-
dregið hvött til að mæta ásamt
foreldrum og forráðamönnum.
Þetta er fyrsta almenna guðs-
þjónustan sem auglýst er í
Víkirkirkju á þessum vetri og
innan skamms berst dagskrá
haustsins til ykkar. Af sóttvarna-
sjónarmiðum skulum við muna
eftir að virða eins metra regluna
og mætum ekki til guðsþjónust-
unnar ef við kennum okkur ein-
hvers meins sem við vitum ekki
hvað er.

Hrunakirkja

Helgistund kl. 20 sunnudaginn
20. sept. Umsjón með stundinni
hafa Óskar prestur og Stefán
organisti. Fermingarborn næsta
veturs og foreldrar þeirra sér-
staklega boðin velkomnir en
kynningarfundur fer fram að lok-
inni helgistund.

Hrepphóla kirkja

Kirkjuskólinn hefst að nýju laug-
ardaginn 19. september kl. 11.
Bíblíusaga, mikill söngur og
gleði. Umsjón hafa Óskar prest-
ur og Jóna Heiðís.

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Samkoma og sunnudagaskóli á
sunnudögum kl. 11:00. English
translation available. Bæna-
stundir á þriðjudögum kl. 20.
Allir innilega velkomnir. www.
selfossgospel.is.

ÞJÓNUSTA

GRÖFUÞJÓNUSTA



Tek að mér ýmis verk. Er
með traktorsgröfu og vörubíl.
Nánari upplýsingar í
síma 650 5038 eða á
reynisson64@hotmail.com

Hinar vinsælu
Kindasögur snúa aftur

Fregnir hafa borist af því að
Kindasögur, 2. bindi, séu nú
á leið í gegn um prentvélar.
Fyrsta bindið naut mikilla vin-
sælda og ekki ólíklegt
að það seinna sé ekki
síðra. Rétt til að koma
fólki á bragðið fylgir
stuttur bókarkafli úr
nýja bindinu.

„Á leiðinni suður
hreppti Botnía vont
veður og máttu Sæ-
mundur og aðstoð-
armaður hans hafa
sig alla við til að
hafa hemil á fénu.
Það tókst þó slysa-
laust og allar komust kindurnar
heilu og höldnu til Reykjavíkur.
Þeim tókst að reka féð klakk-
laust í gegnum höfuðstaðinn og
komst allur hópurinn á einum
degi suður að Stóru-Vatnsleysu.

Skömmu eftir að féð kom
á Vatnsleysuströnd varð ljóst
að það undi illa í nýjum heim-
kynnum, en þess var tryggilega
gætt fram yfir sauðburð vorið
eftir. Að honum loknum var
því sleppt út á hraunbreiðurnar
ofan við bæinn á Vatnsleysu. Er
skemmt frá því að segja að stór
hluti þess hvarf sjónum manna
og sást aldrei framar á Vatns-
leysuströnd. Haustið eftir kom
nokkuð af fénu fram í afreitar-
lendum Borgfirðinga, nokkrar
kindur birtust norður í Húna-
vatnssýslu og allstór hópur kom
að Kárastöðum í Þingvallasveit.

Sagt var að fé Sæmundar á
Stóru-Vatnsleysu hefði dreifst
um fimm sýslur í leit sinni að
átthögunum á Melrakkaslétu
en drjúgur hluti kindanna



týndist og kom
aldrei fram; þær
hafa trúlega farist
í vatnsföllum,
gjám og öðrum
hættum sem urðu á
leið þeirra. Þeir sem
skráð hafa frásagnir
af stroki Leirhafnar-
fjárins frá Vatns-
leysuströnd, þeir
Benjamín Sigvalda-
son frá Gilsbakka í
Öxarfirði og Kristleif-

ur Þorsteinsson á Stóra-Kroppi í
Borgarfirði, leggja báðir áherslu
á að strokukindurnar hafi þrött
fyrir allt verið á réttri leið norð-
ur á Sléttu en þeim hafi ekki
enst sumarið til að komast á
leiðarenda. Það má auðvitað til
sanns vegar færa en hafa verður
í huga að menn eða skepnur sem
leggja af stað frá suðvesturhorni
landsins verða óhjákvæmilega
á nokkurn veginn „réttri leið“
á norðausturhornið ef haldið er
í norður, austur eða eitthvað þar
á milli. Eitt er þó víst, að stroku-
kindurnar hafa ætlað sér heim
á leið en í ljósi þess hve þær
dreifðust víða má ætla að þær
hafi haft ólíkar hugmyndir um
réttu leiðina enda var úr vöndu
að ráða af því að þær höfðu
komið sjóleiðina að norðan.

Samstarfssamningur við
Skógræktarfélag Grímsneshrepps

Þriðjudaginn 25. ágúst sl var
undirritaður nýr samstarfs-
samningur á milli sveitar-
félagsins og Skógræktarfélags
Grímsneshrepps. Samningur-
inn á að efla skógrækt og skóg-
ræktaráhuga í sveitarfélaginu

ásamt því að gert var sam-
komulag um að Skógræktarfé-
lagið myndi útvega plöntur
og planta í yndisskóg þar sem
áætlað er að íbúar sveitafélags-
ins og gestir geti notið útiveru í
skjólsgöðu og falletgu umhverfi.

Umhverfis Suðurland tekur
stöðuna á græna lífsstílnum

Sýnir þú umhverfinu nægilega umhyggju?
Það vilja allir gera vel og standa sig þegar
kemur að umhverfismálum. Það getur verið
erfitt að ákveða hvar sé best að byrja, hvern-
ig sé best að standa að málum og jú hvar
við stöndum hér og nú. Á heimasíðunni um-
hverfissuðurland.is má finna skemmtilegan og
fróðlegan tékklista sem hefur þann tilgang að
hjálpa fólki að meta stöðu sína þegar kemur að
umhverfismálum. Listann er að finna á heima-
síðunni umhverfissuðurland.is.





Sigríður Kristín Helga-dóttir ráðin sóknarprestur í Breiðabólsstaðarprestakalli

Umsóknarfrestur um starf sóknarprests í Breiðabólsstaðarprestakalli í Suðurprófastsdæmi, rann út á miðnætti þann 13. júlí sl. Auglýst var eftir sóknarpresti til þjónustu við prestakallið og miðað við að viðkomandi gæti hafið störf sem fyrst. Tíu sóttu um starfið. Kjörnefnd kaus sr. Sigríði Kristínu Helgadóttur til starf-ans og hefur biskup Íslands, sr. Agnes M. Sigurðardóttir, staðfest ráðningu hennar. Í samræmi við þær breytingar sem nú hafa orðið á starfsmannamálum þjóðkirkjunnar er sr. Sigríður Kristín ráðin ótímabundið í starfið með hefðbundnum uppsagnarfresti.

Sr. Sigríður Kristín Helgadóttir er fædd í Reykjavík 1971, dóttir Ingibjargar Elísabetar Jóhannsdóttur, húsmóður, og Helga Sigurðssonar, sjómanns. Hún ólst upp í Hafnarfirði og lauk stúdentsprófi frá Kvinnaskólanum í Reykjavík 1991. Eiginmaður Sigríðar er Eyjólfur Einar Elíasson, forstöðumaður hjá Reykjavíkurborg, og eiga þau fjórar dætur, fæddar 1991, 1995, 1999 og 2000. Árið 2000 lauk Sigríður prófi frá guðfræðideild HÍ og vígðist það sama ár til Frikirkjunnar í Hafnarfirði þar sem hún þjónaði næstu níttján árin. Á árunum 2005-2012 starfaði hún sem heimilisprestur á Hrafnistu í Hafnarfirði. Hún lagði stund á söngnám við Tónlistarskóla Kópavogs árið 2004 og lauk prófi í Fjölskyldufræðum frá Endurmenntun HÍ árið 2011. Hún hefur komið að starfi Sorgarmiðstöðvar í Lífsgæðasetri St. Jó. og heimsótt skóla í Hafnarfirði til að fræða um þau mál. Þá hefur hún einnig setið í áfallaráði Hafnarfjarðarbjar. Sigríður hefur komið að starfi Lútherskrar hjónahelgi á Íslandi og gegnir þetta starfsár embætti forseta Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar.

Viltu starfa með öflugum teymi á fasteignasviði Flóahrepps?

Húsvörður óskast í Flóaskóla/Félagsheimili Flóahrepps

Flóaskóli er heildstæður grunnskóli með 112 nemendur. Skólinn er staðsettur á Villingaholti í Flóahreppi, sem er í um 20 mín. akstursfjarlægð frá Selfossi. Félagsheimilið Félagslundur og Þingborg eru félagsheimili í eigu Flóahrepps.

Helstu verkefni

Húsvörður hefur yfirumsjón með ástandi skólahúsnæðis, tækja og skólalóðar. Hann annast smávægilegt viðhald, sér um að hiti, lýsing og loftræsting skólahúsnæðisins sé fullnægjandi og virki sem skyldi. Húsvörður sér um að opna skólahúsnæði að morgni og að aðgengi að því sé gott. Í starfinu felst einnig útleiga á Félagsheimilinu Félagslundu og afleysingar í Þingborg. Húsvörður starfar í nánú samstarfi við umsjónarmann fasteigna og húsvörð Þingborgar og er tengiliður Flóaskóla við umsjónarmann fasteigna Flóahrepps.



Menntun og hæfniskröfur

- Iðnmenntun æskileg og/eða menntun sem nýtist í starfi
- Gild almenn ökuréttindi, vinnuvélapróf kostur
- Hæfni í samstarfi og mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í starfi og lausnamiðuð hugsun
- Sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Sveigjanleiki og geta til að vinna undir álagi

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags opinberra starfsmanna á Suðurlandi (FOSS).

Umsóknarfrestur er til 30. september 2020

Nánari upplýsingar um starfið veitir Gunnlaug Hartmannsdóttir skólastjóri í síma 771 8342. Umsókn ásamt ferilskrá og sakavottorði sendist á netfangið gunnlaug@floaskoli.is.

VÍNBUÐIN HVERAGERÐI

Frábær tímavinna



Við leitum að jákvæðum og röskum einstaklingi sem er tilbúinn að veita framúrskarandi og ábyrga þjónustu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun
- Umhirða búðar

Hæfniskröfur

- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur

Unnið er annan hvern föstudag og annan hvern laugardag.

Umsóknarfrestur er til og með 25. september nk. og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri. Umsóknir óskast fylltar út á vinbudin.is.

Nánari upplýsingar: Ragnheiður Guðmundsdóttir, hveragerdi@vinbudin.is – 560 7887

og Unnur Dóra Einarsdóttir, starf@vinbudin.is – 560 7700.

ÁTVR rekur 51 Vínbúð um allt land. Stefna ÁTVR er að vera í hópi bestu þjónustufyrirtækja landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsuefandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.



Samráðsgátt fyrir íbúa tekin í notkun í Árborg

Árborg hefur innleitt svo-kallaða samráðsgátt sem nefnist *Betri Árborg*. Verkefnið er hluti af samráðsvefnum *Betra Ísland*. Gáttinni er ætlað að vera vettvangur fyrir samráð íbúa og bæjaryfirvalda um málefni sveitarfélagsins.

Umferðaröryggisáætlun fyrsta málið til umræðu

Í fyrirspurn um málið segir Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Árborgar: „Það felast miklir möguleikar í þeim vettvangi sem *Betri Árborg* er og sjálf-sagt mun meiri en hægt er að sjá fyrir. Fyrsta málið sem við tökum þarna til umræðu er Umferðaröryggisáætlun Árborgar, nú þegar hafa 37 ábendingar komið inn í þá umræðu. Þetta flýtur vinnu við áætlunina og dregur úr hættunni á að okkur yfirsjáist einhver atriði sem betur mega fara.“

Stjórnsýslan í betri tengingu við íbúa með fyrirkomulaginu

Aðspurður um hvernig verkefnið leggst í hann segir Gísli: „Þetta fer vel af stað og við hlökkum síðan til þess að fá frekari hugmyndir og hvatningu frá íbúum um málefni sem vert er að ræða á þessum vettvangi. Með virkri nýtingu á *Betri Árborg* ættum við að geta verið í betri tengslum við íbúa og tekið tillit til sjónarmiða þeirra í stefnumótun og framþróun sveitarfélagsins. Þó svo að við reynum að fylgjast vel með umræðum á íbúasíðunum á Facebook þá verður samráðið markvissara með *Betri Árborg*.



Ég trúir því að unga fólkið sé viljugt að tileinka sér þetta þó svo þessi stafræni vettvangur henti íbúum kannski misvel. Það er einmitt lögd sérstök áhersla á það í málefnaþætti um meiri hlutasamstarf bæjarstjórnar að virkja sérstaklega unga fólkið við stjórnun og framfarðarþróun sveitarfélagsins. Notkun *Betri Árborgar* er klárlega stór þáttur í að hrinda því stefnumáli í framkvæmd.“

Tækifæri til aukins íbúasamráðs

„*Betri Árborg* og hugmyndir sem þaðan koma munu svo áreiðanlega geta orðið tilefni til frekara íbúasamráðs með öðrum aðferðum, s.s. íbúafundum. Hefðbundið samráð um skipulagsmál, grenndar-

kynningar og því um líkt verður auðvitað áfram í sínum lögbundna farvegi. Þessu til viðbótar höfum við unnið að því að koma upp ábendingargátt fyrir Sveitarfélagið Árborg, að fyrirmynd Reykjavíkurborgar, og vonumst til að koma henni í gagnið á næsta ári. Þá er vert að benda á nýtt vefspjall Þjónustuværs Árborgar sem nú hefur verið sett upp á heimasíðunni. Það mun auðvelda mörgum að leita upplýsinga eða koma á framfæri ábendingum. Þessi leið er víða vinsæl og þykir mörgum hún þægilegri en að þurfa að bíða eftir að símtali eða tölvupósti sé svarað,“ segir Gísli aðspurður um frekari þróun í þessum málaflokki hjá sveitarfélaginu. -gpp

Nýr grunnskóli í Árborg fær nafnið Stekkjaskóli



Samþykkt var á fundi fræðslunefndar að nýr grunnskóli sem rís í Bjarkarstykki muni fá nafnið Stekkjaskóli. Alls bást 26 tillögur. Það var samþykkt samhljóða að velja nafnið Stekkjaskóli með vísun í götur hverfisins. Jarðvinna vegna skólans hefur verið boðin út og á að vera lokið þann 15. janúar nk. Myndina tók Hjalti Snær Helgason. -gpp

Til hamingju með nýju lóðina þína.

www.teark.dk

TEARK
ARKITEKTAR

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstaði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert
kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápavíðgerðir - Almennar raflagnir

HREINGERNINGA-Þjónusta Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Freint um allt Suðurland

Tæknipjónusta Suðurlands ehf. Selfossi

Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gísthús

Öryggiskerfi

Eftirlitsmyndavélakerfi

Hljóðkerfi

Símkerfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar Guðmundsson
sími 694 4922

Vilmundur Sigurðsson
sími 779 6777

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020

BRAGA AF VINATTU!
Fæst hjá
BYKO Selfossi

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Hjólbarðapjónusta Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar
Smurpjónusta
Betri vörur - betra verð

DFS.is FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Hafðu samband

Sími 482 1944 - dfs@dfs.is


Jiibbii Siggafærðir

- Flutningapjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur

Sími 772 6010



Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is



Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

.25. ára

